



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Hreppsnefnd Kjósarhrepps

Kjósarhreppur
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbæ

Kópavogur, 24.05. 2022
Málsnr. 2205004/PBG/HH

Efni: Beiðni um tilnefningu í Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Í ljósi nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga er þörf á nýjum tilnefningum af hálfu sveitarfélagsins til eftirfarandi:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins:

Í 2. gr. starfsreglna fyrir Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins segir eftirfarandi:

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum skal hvert sveitarfélag skipa tvo fulltrúa og tvo til vara í svæðisskipulagsnefnd. Kjörgengir eru þeir sem eiga sæti í sveitarstjórn eða skipulagsnefnd viðkomandi sveitarfélags eða starfa sem framkvæmdastjóri eða skipulagsfulltrúi þess.

Því er óskað tilnefningar samkvæmt framansögðu á tveimur fulltrúum í svæðisskipulagsnefnd og tveimur til vara.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari upplýsinga óskað er hægt að hafa samband við undirritaðan í síma 8218179 eða Hildigunni Hafsteinsdóttir lögfræðing SSH í síma 8639115.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH